

**Ed.**

**362. Nefndarálit**

[83. mál]

um frv. til lögræðisлага.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið yfir frumvarpið og rætt það á nokkrum fundum. Á fund nefndarinnar komu Guðrún Erlendsdóttir dósent, sem var formaður þeirrar stjórnskipuðu nefndar sem frv. samdi, og Ólöf Pétursdóttir ráðuneytisfulltrúi er var ritari nefndarinnar. Gáfu þær upplýsingar og skýringar og svöruðu fyrirspurnum. Fyrir nefndinni lá umsögn stjórnar Geðlæknafélags Íslands. Mælti hún með samþykkt frv. en benti á þrjú atriði er hún taldi rétt að breyta. Voru það aðallega orðalagsbreytingar. Þá komu á fund nefndarinnar fulltrúar frá félaginu Geðhjálp. Komu þeir með ábendingar um nokkrar breytingar. Að athuguðu máli leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir var ekki á fundi er málið var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 15. febr. 1984.

Ólafur Jóhannesson,  
form., frsm.  
Valdimar Indriðason.

Stefán Benediktsson,  
fundaskr.  
Ey. Kon. Jónsson.

Salome Porkelsdóttir.  
Eiður Guðnason.